

Fundargerð Atvinnu- og Menningarmálanefndar Rangárbings ytra

1. fundur Atvinnu- og Menningarmálanefndar Rangárbings ytra á kjörtímabilinu 2014 - 2018, haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu, mánudaginn 29. September 2014 kl. 16.30

Mætt: Sólrún Helga Guðmundsdóttir (formaður), Hugrún Pétursdóttir, Heimir Hafsteinsson, Jóhann Björnsson og Yngvi Harðarsson. Auk þess eru mættar Ingibjörg Þ. Heiðarsdóttir og Særún Sæmundsdóttir vegna kynningar á þeirra verkefni undir lið 3.

1. Kjör varaformanns og val á ritara

Hugrún Pétursdóttir kosin varaformaður
Samþykkt samhljóða
Formaður stingur uppá sjálfum sér sem ritara
Samþykkt samhljóða

2. Erindisbréf Atvinnu- og Menningarmálanefndar

Fyrirspurn til sveitarstjórnar um Atvinnueflingarsjóð. Er hann virkur og verður veitt í hann fjármagnni á kjörtímabilinu?

Tillaga um að bæta við II. Kafla 6 gr. í Erindisbréfi.

Að varamenn fái einnig fundargögn ef þörf er á að boða þá með skömmum fyrirvara.

Sent sveitarstjórn til samþykktar.

3. Fjölskyldugarður

Á 3. Fundi breppsnefndar Rangárbings ytra 2014-2018 kom tillaga frá Á-listanum um fjölskyldugarð sem hafði þegar verið samþykkt á 59. Sveitarstjórnarsundi 10. Apríl 2014.

Sveitarstjórn vísar þessari tillögu til umfjöllunar í Atvinnu- og Menningarmálanefnd.

Kennarar frá Grunnskólanum á Hellu komu með kynningu á fundinn vegna verkefnis sem þær eru með í gangi og er tengt námi í skólanum (útikennsla) og er það svæði sem um ræðir í fundargerð fyrrverandi sveitarstjórnar nýtt undir þá starfsemi.

Eftir kynningu frá kennurunum kemur í ljós að þeir hafa nýtt þetta svæði „móinn“ til kennslu síðan 2007 og teljum við því að gott væri þetta svæði yrði skilgreint sem útikennsla svæði og verði ekki ráðist í breytingar á svæðinu nema í fullu samráði við skólann.

Hins vegar teljum við að fjölskyldugarður sé mjög spennandi verkefni og viljum við að fundið verði annað svæði undir hann.

Atvinnu- og Menningarmálanefnd leggur til að sveitarstjórn skipi í 5 manna undirbúningsnefnd til að skoða mögulega kosti á uppbyggingu fjölskyldugarðs og finna aðra og hentugri staðsetningu.

4. Töðugjöld

Bréf frá Ómari Diðrikssyni um breytingu á fyrirkomulagi Töðgjalda.

Nefndarmenn skora á sveitarstjórnarmenn að breyta fyrirkomulaginu og auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum sem vilja sjá um laugardagsskemmtunina á Töðugjöldunum. Einnig þarf sveitarfélagið að koma með myndarlegt fjárframlag svo hægt sé að halda þau svo sómi sé að, ef að vilji er að halda áfram með þessu einu hátíð í sveitarfélaginu.

5. Styrkumsókn

Ungmennafélagið Framtíðin 10.06.14 beiðni um styrk til hátíðarhalda í Þykkvabæ 17. júní 2014.

Sveitarfélagið vísar þessu til umfjöllunar í Atvinnu- og Menningarmálanefnd

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki umbeðinn styrk til Ungmennafélagsins Framtíðarinnar.

Nefndin leggur einnig til að fyrirkomulagi 17. Júní hátíðar verði breytt og haldin verði ein stór hátíð fyrir allt sveitarfélagið til skiptis á Helli, Þykkvabæ og Laugalandi. Teljum við farsælast að biðla til kvenfélaga og ungmennafélaga á hverjum stað fyrir sig að koma að skipulagningu og framkvæmd hátíðanna. Mun þá árlegur styrkur nýtast betur og hátíðarnar verða veglegri, ásamt því að stuðla að aukinni samkennd meðal íbúa sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 18:15

*Sigrún Eluga Guðm.
Hinn Hafsteinnsson
Magnús Steinarsson*